

Foreldrafélag Glerárskóla

3.Október 2016

Fundur var settur kl 19:30

Mættir: Brynja, Vilborg, Theódóra,Alma,Atli og Rakei

- 1) Stjórn foreldrafélagsins mætti fyrst til að undirbúa fundinn með bekkjaráðum.
Farið var lauslega yfir efni fundarins og fyrirkomulag foreldrarölsins sem áætlað er að innleiða.
- 2) Kl 20:00 var fundur settur með bekkjaráðum. Það mættu fulltrúar úr öllum bekkjaráðum nema 5. og 6. bekk.
 - i) Farið var yfir hlutverk bekkjaráðs og þau áttu að skila inn áætlun fyrir veturinn en það voru ekki allir tilbúnir með hana. Bekkjaráð skal koma sér saman um uppákomur bæði fyrir og eftir áramót t.d. 1-2 fyrir og 1-2 eftir áramót og skila inn áætlun til Brynju. Þegar henni hefur verið skilað geta bekkjaráðin fengið fjármagn til þess að framkvæma áætlunina en það er áætlað að þau fái 500kr á hvert barn. Ef það stendur eftir afgangur í lok tímabilsins þá rennur hann aftur til foreldrafélagsins.
 - ii) Gjaldkerinn er að vinna í því að innheimta félagsgjöldin og þegar þau hafa verið greidd er hægt að úthluta fjármagni til bekkjaráða.
 - iii) Meðlimir í bekkjaráðum eiga að hafa fengið tölvupóst frá Brynju með upplýsingum um hverjir eru í bekkjaráðum sem og hugmyndabanka fyrir uppákomur sem hægt er að hafa fyrir börnin. Á fundinum var kastað fram nokkrum hugmyndum fyrir bekkjaráðin og farið yfir þær áætlanir sem voru þegar klárar svo þau bekkjaráð sem eiga eftir að skila inn áætlun hafi viðmið um hvað hægt er að framkvæma.
 - iv) Ný stjórn var kynnt fyrir bekkjaráðum og þeim bent á að hafa samband við Brynju þegar áætlanir væru tilbúnar og þeim vantaði fjármagn. Brynja mun svo hafa samband við Vilborgu gjaldkera sem sér um að úthluta fjármagni til bekkjaráða.
 - v) Farið var yfir fyrirhugað foreldrarölt og fyrirkomulagið á því. Það stendur til að taka upp foreldraröltið á ný, og fá foreldra barna í 1.-10. bekk til að taka þátt. Verður þá líklegast skipt því þannig upp að hver bekkur tekur eina viku í senn. Talað var um að hafa foreldraröltið tvisvar í viku, þegar það er opið hús á þriðjudögum og svo annað hvort föstudagskvöld eða laugardagskvöld. Þá væri farið af stað eftir útivistartíma sem er kl 22:00 og er hugmyndin sú að foreldrar hittist í Glerárskóla og fari saman á lögreglustöðina og fái þar fræðslu og afhent gul vesti til að vera í. Það er í höndum stjórnarinnar að skipuleggja og koma þessu átaki af stað og verður það skýrt nánar þegar hún hefur ákveðið betur hvernig þessu skal háttað.

- vi) Ákveðið var að hafa jólaföndrið laugardaginn 26.nóvember kl 11-13 og að fækka stöðvunum niður í þrjár. Var það sett í hendur bekkjaráða að koma með þrjár góðar hugmyndir að jólaföndri sem hægt er að hafa og senda þær á Brynju. Með þessu er verið að koma í veg fyrir að það náist ekki að manna stöðvarnar og að gefa krökkunum meiri tíma til að stoppa við hverja stöð. En fannst flestum börnin ekki vera að ná að njóta þess að fönndra ef stöðvarnar væru of margar og allir að drífa sig að ná að klára fönndrið á öllum stöðvum.
 - vii) Stjórnin kynnti fyrir bekkjaráðum hugmyndina sem var sett fram á síðasta fundi um að reyna að fá styrki til að kaupa tæki fyrir skólahreystið og fékk hún góðan meðbyr.
- 3) Fundi með bekkjaráðum var slitið um 20:45. Stjórnin varð eftir og fór aðeins yfir umsóknina um styrkinn fyrir tækjakaupin. Ákveðið var að senda hana á nokkur fyrirtæki til að byrja með og sjá hver viðbrögðin verða og vinna svo hugmyndina áfram útfrá því.

Fundi stjórnarinnar var síðan slitið um 21:00 og er dagsetning næsta fundar óákveðin.
Rakel Ósk Jensdóttir, ritari.